

Sjötugsafmæli.

Jón Pálsson, f. bankagjaldkeri, er sjötugur í dag að áratáli. En þegar eg er með Jóni Pálssyni, dettur mér aldrei í hug, að hann sé eldri maður en eg, fyrri en eitthvað í samtali okkar minnir mig á, að hann er mér reyndari og vitrari maður, og margfróðari og minnugri um atburði og hluti, menn og málefni. Svo ungur er Jón í anda, gamansamur og fjörmikill í viðræðum við vini sína, fullur af starfsáhuga, léttur og hvatlegur í spori, að eitthvað virðist fjarstæðukent við þá hugsun, að árin sé orðin sjötíu. En fyrst svo er, langar mig að nota tækifærið til að senda honum kveðju, í mínu nafni og margra annara vina.

Jón Pálsson er, eins og kunnugir vita, af vel gefnu og fjölbæfu fólki kominn. Ólst hann upp og dvaldi framan af ævi í Stokkseyrarhreppi og á Eyrarbakka. Hann aflaði sér í æsku góðrar mentunar, án þess þó að „fara í skóla“, sem kallað var. Hefir sjálfsmentun hans orðið honum farsæl hjálp í lífsbaráttunni. Hann lærði ungur söngfræði og orgelspil, og var lengi organleikari við sóknarkirkju sína, fyrst austur á Eyrarbakka og síðan við frikirkjunna hér í Reykjavík. Lagði hann hina mestu rækt og alúð við þetta starf, og er hinn fróðasti um allt það er lýtur að þessum mikilsverða þætti kirkjulegrar guðsþjónustu.

Jón Pálsson hefir alla ævi unnað fræðslu og upplýsing, og trúað á gildi og mátt mentunar. Á yngri árum sínum eystra fann upp á því, að stofna til skólafræðslu í nauðsynlegustu námsgreinum meðal sjómanna í verstöðunum þar, svo að landlegudagar mætti verða þeim að einhverju gagni og þroska. Minnst þess ýmsir eldri menn að austan, að þar

lagt á sig erfiði og óþægindi, sem enginn ókunnugur getur gert sér grein fyrir. Og Jón safnar að sér drengjum í félagsskap og á samtalsfundi til þess að innræta þeim góða siðu, kenna þeim að elska menn og skepnur, og bera lotningu fyrir skapara sínum. Með slíku starfi heidur hann sjálfum sér ungum, um leið og hann sáir góðu sæði í viðtækar sálir. Það er því engin furða, þótt þeir brosi til hans hlýlega og kunnuglega, margir drengirnir, sem hitta hann á förnum vegi. Þeir vita, að þar fer sannur, góðviljaður vinur þeirra.

Jóni Pálssyni hefir auðnast það að vera fremur veitandi en þurfandi. Og þeirrar aðstöðu hefir hann neytt m. a. á þann hátt, að ala upp fósturbörn, að greiða götu ungra manna og efnilegra með ráðum og dáð, og léttla drengilega byrðar ýmsra, sem áttu við sérstaka örðugleika að stríða. Eg veit um þá og þær, sem eiga minningar um slíkt frá hans hendi.

Jón er maður ættfróður og mannglöggur með afbrigðum. Er það kunnugt mörgum, hvílíkur eljumaður hann hefir verið um söfnun ýmislegra frásagna og minninga, sem bæði fróðleikur og skemtun er að. Er margt merkilegt í því fjölbreytta safni, sem hann hefir skrásett á liðnum árum.

Jón Pálsson er sistarfandi maður. Og vinirnir, sem best þekkja hann og mest hafa skilýrðin til að meta merkan og góðan mann, munu innilega óska og vona, að honum endist sem lengst aldur til drengskapar og mannúðarverka. Til slíkrar viðleitni hefir hann fullan hug og vilja. Það hefir hann sýnt glögt á liðnum æviárum.

Jón Pálsson er kvæntur frændkonu sinni, Önnu Adólfsdóttur frá Stokkseyri, hinni ágætustu konu, sem hefir verið